



## Markaðsstofa Suðurlands

### Fundargerð

3. Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn í Fjölheimum mánudaginn 3. október 2016. Fundur var settur kl 10:00 og var að þessu sinni símafundur.

Fundinn sátu:

*Dagný Hulda Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands*

*Ása Valdís Árnadóttir formaður, fulltrúi Visit South Iceland ehf*

*Þórður Freyr Sigurðsson, fulltrúi SASS*

*Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi SASS*

*Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu*

*Sigurður Rafn Hilmarsson, Fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands*

*Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir

### Dagskrá:

#### Starfsmannamál Markaðsstofunnar

Aðstaða í Fjölheimum enn til skoðunar, ekki komin lausn en verður tekið fyrir um leið og þörf annara aðila í húsinu er ljós.

#### Upplýsingaveituverkefni - FMST

Athugasemdum skilað var skilað þar sem óskað er eftir frekari útlistun á verkefnum og fjármagni. Ferðamálastofa ætlar að veita aukið fjármagn til upplýsingaveitu árið 2016.

#### DMP vinna með Ferðamálastofu og Stjórnstöð

Kynningafundur vegna fyrirhugaðrar DMP (Destination management plan) vinnu verða þrír á Suðurlandi; á Höfn (búinn), í Vík og á Selfossi. Framkvæmdastjóri mun sækja alla þá fundi.

Dagný hvetur stjórn til að mæta þar sem þetta séu upplýsandi og góðir fundir um þetta verkefni sem vert er að kynna sér. Almenn ánægja var meðal fundargesta eftir fundinn á Höfn.

Framkvæmdastjóri reiknar með að það verði þó nokkur vinna hjá Markaðsstofunni í framhaldinu, en Ferðamálastofa hefur óskað eftir því að MSS taki að sér að koma að myndun og leiða svæðisráð á Suðurlandi. Sú vinna yrði greidd af Stjórnstöð.

Svæðisráð er hópur hagaðila af hverju markaðsstofusvæði sem hefur það hlutverk í 1. og 2. verkhluta DMP verkefnisins að:

- Greina hvert markaðsstofusvæði niður í smærri svæði eða svæðisheildir fyrir gerð DMP áætlana.
- Tilnefna 1-2 svæði til vals á forverkefni samkvæmt fyrirframsettum skilyrðum

Stjórn samþykkir að Markaðsstofan taki þetta að sér.

### Samstarf við SASS

Framkvæmdastjóri hefur sent áætlun um kostnað við ákveðna verkþætti sem SASS óskaði eftir að MSS tæki að sér. Beðið er eftir svörum frá framkvæmdastjóra SASS vegna þess.

### Verkefni sl. mánaðar

- Markaðsgreining – eftirfylgni og fundir – verið er að ljúka við greiniguna.
  - Þegar hún verður klár verður farið um Suðurland með fundi til að kynna niðurstöður.
- Verkefnavinna fyrir SASS (Uppbygginasjóður, kynningafundir, samstarfsfundir, verkefnavinna og fleira).
- Heimsókn/námsferð til Reykjanes Geopark.
- Vinna með ferðamálateymi Fjölheima – vinna með HFSu og FNS um nám í ferðaþjónustu (skv. vinnu Stjórnstöðvar). Suðurland vel statt og undirbúið til að fara af stað skv. því. Unnið að kynningu/samþættingu og reiknað með að kynna það fyrir viðkomandi aðilum fljótlega.
- Blaðamannaferð (Iceland Academy) – vel heppnuð og mikil ánægja meðal þáttakenda.
- Undirbúningur Pre-tours og hönnun nýs báss/samstarfs á VestNorden.
- Undirbúningur og gerð sveitarfélagasíðna – áframhaldandi vinna.
  - Ein komin í loftið, 3 aðrar í vinnslu.
- Blaðamannafyrirspurnir / fjölmiðlaverkefni (m.a. videóverkefni).
- MAS haust ráðstefna – gríðarlega vel heppnuð, umfjöllun á ruv.is, Reykjavík síðdegis á Bylgjunni og Viðskiptablaðinu. Miklar og góðar viðtökur alls staðar. Ráðherra lofaði auknu fjármagni til Markaðsstofanna og hrósaði þeim fyrir faglegt starf. Videóupptökur á [www.markadsstofur.is](http://www.markadsstofur.is) sem og okkar síðu, [www.south.is/markadsstofan](http://www.south.is/markadsstofan)
- MAS samstarf – ráðstefna ásamt öðrum málum.
- Fundur með samstarfshópi um ferðamál – heppnaðist vel, hópurinn er að vinna þéttar saman, m.a. að 2 tillögum að áhersluverkefnum, VestNorden og 2 viðburðum þar sem mynduð voru verkefnateymi um þau.
- Ýmsir fundir, ráðstefnur, kynningar og fleira (t.d. Google er að koma)

### Verkefni framundan

- **VestNorden** – sýningin núna 5.- 6. október ásamt Pre-tour 4. okt. sem unnin var með Ásborgu og Þorsteinn mun fara í ferðina.
  - Farið verður úr Reykjavík snemma morguns með rútu frá Reykjavík Excursions og haldið á Langjökul þar sem Mountaineers of Iceland bjóða hópnum í hressingu og snjósleðaferð. Þar á eftir verður hópnum boðið í léttan hádegisverð á veitingastaðnum Glímu á Geysi. Ferðin endar svo í slakandi baðferð í Laugarvatn Fontana áður en haldið er til Reykjavíkur aftur um kvöldið.

- **Niðurstöður markaðsgreiningar** og kynning á markaðsstofunni (t.d. Höfn 10. október) – loka verkefninu, innleiðing innan MSS og annarsstaðar, kynningarfundir og fl.  
**Námskeið/handleiðsla** fyrir fyrirtæki þar sem niðurstöður markaðsgreiningar eru kynntar/kenndar (styrkur frá FMST).
- Kynning á **ársþingi SASS** - Kynning á niðurstöðum markaðsgreiningar á ársþingi 20. október á Hnappavöllum.
- **Vinna umsóknir vegna áhersluverkefna** - markaðsgreining/samræming/framhald og tölulegar upplýsingar/samantekt/samanburður um ferðaþjónustuna á Suðurlandi.
- **Samningur við SASS** – áframhaldandi vinna við áhersluverkefni, ráðgjöf og haustúthlutun Uppbyggingasjóðs.
- Undirbúningur **Mannamóts í janúar**.
- Undirbúningur fyrir sýningu í **London í nóvember** (WTM) – Markaðsstofan tekur þátt með Íslandsstofu.
- Verkefni vegna **DMP vinnu** með Stjórnstöð ferðamála (kynningafundir, ráðgjafahópur, myndun svæðisráðs og fleira).
- Verkefni **vegna Kjarnaveitu – FMST**.
- Fundir með **samstarfshópi um ferðamál** (m.a. kortagerð í samræmi við niðurstöður Markaðsgreiningar).
- **Heimasíðan** – áframhaldandi vinna við sveitarfélagasíður og fleira.
- **Samfélagsmiðlar** – Þorsteinn byrjaður að móta stefnu á þessum miðlum í samræmi við niðurstöður markaðsgreiningar.
- **Aðildarfyrirtæki** – styrkja samstarf við aðildarfyrirtæki enn frekar ásamt aðlögun gjaldskrár út frá reynslu nýs kerfis.

## Önnur mál

Engin önnur mál og fundi slitið kl. 10:30